

Reglugjörð

um sölu og útflutning saltkjöts.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstana útaf Norðurálfríðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Landsstjórnin skipar kjötsölunefnd til að annast um alla sölu saltkjöts til útlanda, svo og innanlandssölu eftir því sem reglugjörð þess mælir fyrir. Skal nefnd þessi hafa skrifstofu í Reykjavík, sem allir þeir hafa aðgang að, er nefndin hefir samband og viðskifti við samkvæmt stöðu sinni.

2. gr.

Bannað er að selja saltkjöt til útlanda á annan hátt en með milligöngu kjötsölunefndar. Skulu allir kaupmenn og kaupfjelög, er vilja selja saltkjöt, svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en 31. þ. m., hafa tilkynt kjötsölunefndinni hve mikið kjöt óskast selt og tilgreina nákvæmlega kjötflokka og tegundir. Þau sölu-tilboð, sem kunna að berast nefndinni eftir þann tíma, verða ekki tekin til greina.

3. gr.

Kjötsölunefndin semur við kaupendur um útflutningsstaði og gjörir fyrir- skipanir um þá kjötflutninga með ströndum fram, sem nauðsynlegir eru. Seljendur bera sjálfir kostnað við kjötflutninga með ströndum fram frá þeim höfnum, sem kaupendur fást ekki til að kaupa það á.

4. gr.

Ef bæja- og sveitastjórnir óska að fá keypt saltkjöt, geta þær snúið sjer til kjötsölunefndar með pantanir fyrir 31. þ. m. Skal hún afgreiða þær pantanir, þegar nægilegt kjötmagn er fengið umfram það, er þarfnast til að fullnægja væntanlegum sölusamningum við Norðurlönd. Það kjöt, sem nefndin þá kann að hafa óráðstafað, selst Bretum.

5. gr.

Að lokinni sölu kjötsins, skal nefndin gjöra jafnaðarverðreikning yfir alt kjötið, þó með hæfilegum verðmun eftir flokkum og gæðum vörunnar. Skal senda hverjum seljanda sölureikning, svo fljótt sem unt er, og greiða honum reiknings-upphæðina.

6. gr.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 10,000 krónum og fer um mál útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

97

3. okt.

7. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. október 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Erindisbrjef

98

3. okt.

fyrir kjötsölunefndina.

1. gr.

Kjötsölunefndin skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Að henni eiga aðgang allir þeir, sem nefndin hefir samband og viðskifti við samkvæmt stöðu sinni.

2. gr.

Verkefni kjötsölunefndarinnar er að annast um alla kjötsölu landsins til útlanda, svo og innanlandssölu eftir því sem erindisbrjef þetta mælir fyrir, gjöra sölutilboð og sölusamninga, annast innheimtu kjötandvirðisins og sjá um greiðslur til seljendanna. Skal hún kosta kapps um að ná sem hagfeldustum sölusamningum og greiða fyrir því eftir megni að seljendur fái andvirði kjötsins sem fyrst greitt, og á þann hátt sem þeim best hentar.